

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 2009 í málinu nr. E-5195/2008:

**Plastpípur ehf.**

*(Skúli Bjarnason hrl.)*

**gegn**

**Smáragarði ehf.**

*(Ívar Pálsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 2. mars sl., er höfðað með stefnu sem birt var stefnda 20. júní 2008.

Stefnandi er Plastpípur ehf., Hólmgarði 20, Reykjavík, en stefndi er Smáragarður ehf., Hlíðarsmára 11 í Kópavogi.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu 1.675.344 króna, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 1.104.469 krónum frá 17. september 2007 til 28. nóvember s.á., en af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, að mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara lækkunar á stefnufjárhæð. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### Málsatvik og ágreiningsefni

Aðila greinir á um málsatvik en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eru þau í meginráttum eftirfarandi:

Stefndi, Smáragarður ehf., gerði verksamning við Jarðvélar ehf. um jarðvinnu á lóð stefnda við Skarfagarða 2 í Reykjavík, þar sem fyrirhugað var að reisa vörulager. Í því fólst m.a. að leggja þurfti pípulagnir í grunn hússins og lóð. Jarðvélar ehf. samdi við undirverktaka um nokkra verkþætti, þ.á m. stefnanda, sem er pípulagningafyrirtæki. Með tölvupósti 7. nóvember 2007 til byggingarstjóra stefnda skýrði verkefnisstjóri Jarðvéla ehf. frá því að fyrirtækið ætti í rekstrarerfiðleikum. Af þeim sökum var þess óskað að Smáragarður ehf. greiddi beint inn á reikninga nokkurra undirverktaka. Framkvæmdin yrði þannig að stofnaðir yrðu reikningar í nafni Jarðvéla ehf., sem undirverktakarnir hefðu einir prókúru fyrir, og yrði greiðsla fyrir vinnu þeirra lögð inn á þá reikninga, eftir að eftirlitsmenn stefnda hefðu fengið senda greiðsluskiptingu frá Jarðvélum ehf. og

staðfestingu frá þeim undirverktökum sem ættu í hlut. Byggingarstjóri stefnda féllst á þetta fyrirkomulag með tölvupósti 9. nóvember 2007 og tók fram að verkefnisstjóri Jarðvéla ehf. myndi upplýsa viðkomandi um málið.

Meðal gagna málsins er fundargerð verkfundar 13. nóvember 2007, þar sem mættir voru fulltrúar Jarðvéla ehf. og stefnda. Er þar m.a. bókað að undirverktaki Jarðvéla ehf. hafi haft samband við verkkaupa vegna greiðslufalls. Síðan segir: „*Verkkaupi gerir kröfu um að Jarðvélar ehf greiði undirverktökum það sem þeim ber. Jarðvélar ehf hafa lagt fram tillögu til verkkaupa að beingreiðslum í samráði við undirverktaka til eftirtaldra undirverktaka: Skrautu ehf, Sigurgeirs Bjarnasonar, Hefilverks ehf og Malbikunarstöðvarinnar Höfða ehf.*“ Sigurgeir Bjarnason er fyrirvarsmaður stefnanda.

Í gögnum málsins er einnig að finna tölvupóst frá 14. nóvember 2007 til byggingarstjóra stefnda, þar sem verkefnisstjóri Jarðvéla ehf. segist hafa rætt við fjármálastjóra sinn, og ef stefnda sé sama, þá megi leggja 950.531 krónu beint inn á tilgreindan reikning Plastpípa ehf. Sjá má að sú fjárhæð var greidd inn á reikning stefnanda 20. nóvember og var greiðandi Byko hf.

Í samræmi við samkomulag stefnda og Jarðvéla ehf. um skiptingu greiðslna til undirverktaka sendi verkefnisstjóri Jarðvéla ehf. byggingarstjóra stefnda 12. desember 2007 tillögu að greiðsluskiptingu til þriggja undirverktaka, þ.á m. stefnanda. Samkvæmt því skyldi stefnandi fá 1.100.000 krónur greiddar inn á nánar tiltekinn bankareikning. Áður en til greiðslu kom hafði Landsbanki Íslands hf. hins vegar tilkynnt stefnda að Jarðvélar ehf. hefði veðsett bankanum útgefna reikninga og því bæri stefnda að leggja greiðsluna inn á tilgreindan reikning Jarðvéla ehf. í bankanum. Kom því ekki til þess að greiðslunni yrði skipt með þeim hætti sem ákveðið hafði verið.

Bú Jarðvéla ehf. var tekið til gjaldprotaskipta 7. febrúar 2008 og lýsti stefnandi kröfum í búið, í öryggisskyni, eins og tekið er til orða í stefnu. Jafnframt er þar fullyrt að stefnandi hafi í október 2007 dregið verulega úr vinnu sinni vegna greiðsludráttar Jarðvéla ehf. og hótáð að hætta tafarlaust, fengi hann ekki greitt. Í nóvember hafi forsvarsmenn Jarðvéla ehf. og stefnda tilkynnt fyrirvarsmanni stefnanda að stefndi ábyrgðist greiðslur til hans, bæði vegna ógreiddra reikninga og reikninga fyrir áframhaldandi vinnu. Því hefði stefnandi haldið vinnu áfram.

Krafa stefnanda er samkvæmt tveimur reikningum, annars vegar samkvæmt reikningi útgefnum 17. september 2007, að fjárhæð 1.104.469 krónur, hins vegar 28. nóvember sama ár, að fjárhæð 458.534 krónur. Báðir eru reikningarnir gefnir út nafn Jarðvéla ehf. sem greiðanda.

## **Málsástæður stefnanda og lagarök**

Stefnandi byggir mál sitt á því að eftir að hann hótáði að láta af störfum hefðu forsvarsmenn Jarðvéla ehf. og stefnda tilkynnt fyrirvarsmanni stefnanda að stefndi ábyrgðist greiðslur beint til hans, bæði vegna ógreiddra reikninga og áframhaldandi vinnu hans. Því væri stefnanda óhætt að halda áfram vinnu þar sem greiðslur til hans væru tryggðar. Af þeirri ástæðu hefði stefnandi haldið áfram vinnu við verk

sitt. Þessu til stuðnings vísar stefnandi sérstaklega til verkfundargerðar og tölvupóstsamskipta starfsmanna Jarðvéla ehf. og stefnda. Jafnframt hefði það vakið tiltrú stefnanda á gildi loforðs stefnda að stefndi væri dóttur- eða systurfélag BYKO. Stefnandi leggur einnig áherslu á að fyrirkomulag á greiðslum til hans hafi verið á ábyrgð stefnda, en ekki hans sjálfs.

Auk ofanritaðs bendir stefnandi á að vinna hans hafi verið í þágu stefnda, þótt hann hafi í upphafi komið að verkinu sem undirverktaki Jarðvéla ehf. Í kjölfar þess að hann hótaði að láta af störfum fyrir Jarðvélar ehf. hefði réttarsamband aðila breyst og beint samningssamband stofnast milli stefnanda og stefnda um áframhaldandi framkvæmdir. Forsenda þess hafi þó verið ábyrgðarloforð af hálfu stefnda um greiðslu úppgerðra reikninga. Þá telur stefnandi að sanngirnirök eigi að leiða til sömu niðurstöðu, einkum þegar höfð sé í huga yfirburðastaða stefnda andspænis stefnanda, að því er varðar fjárhagslegt bolmagn til að mæta tjóni.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna samninga- og kröfuréttar um stofnun skuldbindinga, svo og til meginreglna verktakaréttar. Krafa hans um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Um varnarþing er vísað til 34. og 38. gr. sömu laga.

## **Málsástæður stefnda og lagarök**

Sýknukrafa stefnda byggist á því að ekkert samningssamband hafi verið á milli stefnanda og stefnda og hafi stefndi hvorki með orðum né athöfnum ábyrgst greiðslur til stefnanda. Beri stefnandi sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu, en engin gögn liggi frammi í málinu sem sýni slíkt samningssamband eða ábyrgð af hálfu stefnda. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 leiði varnir byggðar á aðildarskortu til sýknu. Þá bendir stefndi á að óumdeilt sé að hann hafi þegar greitt Jarðvélum ehf. fyrir alla þá vinnu sem það fyrirtæki og undirverktakar þess hafi unnið að Skarfagörðum 2. Stefndi hafi því þegar greitt fyrir þá vinnu sem stefnandi krefjist nú greiðslu fyrir.

Stefndi leggur áherslu á að í samkomulagi hans og Jarðvéla ehf. hafi aðeins falist breyting á tilhögun á greiðslum reikninga Jarðvéla ehf., og hafi það verið gert að tillögu Jarðvéla ehf. til þess að auðvelda fyrirtækinu efndir gagnvart undirverktökum þess. Ekkert samningssamband hafi hins vegar verið á milli stefnda og stefnanda og hafi stefndi aldrei heyrt um kröfu stefnanda fyrr en við höfðun þessa máls. Mótmælir stefndi því að hann hafi greitt reikning stefnanda, en áréttar að hann hafi greitt reikninga frá Jarðvélum ehf. inn á ákveðna bankareikninga, samkvæmt fyrirmælum þess fyrirtækis.

Stefndi mótmælir því að fyrrgreint greiðslufyrirkomulag, sem aðilar sömdu um, hafi verið á ábyrgð stefnda, enda sé það í andstöðu við fyrirliggjandi gögn málsins. Í því sambandi bendir stefndi á tölvupóst frá byggingarstjóra sínum, þar sem fram komi að fyrirkomulag greiðslna sé ákveðið af Jarðvélum ehf. Af tölvupóstinum megi sjá að Jarðvélar ehf. réðu því hvernig greiðslur fóru fram, þ.e. inn á hvaða reikninga skyldi greitt og hve háa fjárhæð. Þar komi einnig fram að starfsmaður Jarðvéla ehf. eigi að upplýsa undirverktaka um greiðslufyrirkomulagið. Sýni það að engin samskipti hafi verið á milli stefnda og stefnanda um tilhögun greiðslna. Um

leið mótmælir stefndi því að Kristinn Eiríksson, byggingarstjóri, hafi lýst því yfir við stefnanda að greiðslur myndu berast beint til stefnanda vegna ógreiddra reikninga, sem og vegna frekari vinnu hans.

Stefndi mótmælir einnig þeirri málsástæðu stefnanda að þótt vinna hans hafi að lokum verið í þágu stefnda skapi það réttarsamband þeirra í milli. Fjárhagslegt bolmagn stefnda leiði heldur ekki til þess að hann verði talinn bera ábyrgð á samningum viðsemjanda síns við undirverktaka. Loks telur stefndi að kröfulýsing stefnda í þrotabú Jarðvéla ehf. sýni að stefnandi hafi sjálfur litið svo á að samningssamband hans hafi verið við Jarðvélar ehf., en ekki stefnda.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að stefndi hafi á einhvern hátt skuldbundið sig gagnvart stefnanda, telur stefndi að hann beri aðeins einfalda ábyrgð á greiðslum til stefnanda. Stefnandi hafi þó ekki sannað algera ógjaldfærni Jarðvéla ehf., þrátt fyrir gjaldþrot félagsins.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum að hann beri augljóslega ekki ábyrgð á greiðslum til stefnanda fyrir þá vinnu sem hann hafi innt af hendi fyrir 9. nóvember 2007, þ.e. áður en Kristinn Eiríksson, byggingarstjóri stefnda, svaraði tölvupósti frá umsjónarmanni Jarðvéla ehf.

Stefndi mótmælir að lokum dráttarvaxtakröfu stefnanda og telur að dráttarvextir verði ekki reiknaðir fyrir en 30 dögum eftir að stefnandi sanni ógjaldfærni Jarðvéla ehf. Þá hafi stefndi fyrst verið krafinn um greiðslu með innheimtubrési 7. janúar 2008 og verði dráttarvextir ekki reiknaðir fyrir það tímamark.

Um lagarök er vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttar um stofnun samningsskuldbindinga og ábyrgða. Málskostnaðarkrafa styðst við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

## **Munnlegar skýrslur fyrir dómi**

Við aðalmeðferð gáfu skýrslu fyrir dóminum Sigurgeir Bjarnason, fyrisvarsmaður stefnanda, Karl Sigfússon, verkefnisstjóri stefnda, Kristinn Eiríksson byggingarstjóri stefnda, og Ásmundur Magnússon og Hilmir Freyr Sigurðsson, verkefnisstjórar hjá Jarðvélum ehf.

Sigurgeir Bjarnason sagðist hafa hótad að hætta að starfa frekar við pípulagnir í lóð stefnda, þar sem erfiðlega hefði gengið að fá greitt fyrir vinnuna frá Jarðvélum ehf. Um haustið 2007 hefði Hilmir, verkefnisstjóri hjá Jarðvélum ehf., komið að máli við sig og sagt sér að Smáragarður ehf. myndi sjá um greiðslur til sín. Hefði hann skilið samtalið þannig að fyrst fengi hann greiddan elsta reikninginn og síðan reglulegar greiðslur þar til hann stæði á sléttu í desember. Sagðist hann hafa sætt sig við þetta fyrirkomulag og hefði jafnframt fengið í hendur tölvupóst sem sýndi að stefndi ætlaði að greiða beint til undirverktaka. Tók Sigurgeir fram að aðeins einu sinni hefði þetta greiðslufyrirkomulag gengið eftir, en síðan ekki meir. Kvaðst hann sjálfur hafa skilið fyrirkomulagið þannig að Smáragarður ehf. ætlaði að annast allar greiðslur fyrir vinnu hans.

Í máli Karls Sigfússonar kom fram að hann hefði fyrir hönd stefnda borið ábyrgð á framkvæmdum á lóðinni að Skarfagörðum 2. Þegar hann hefði fengið veður af því að Jarðvélar ehf. stæðu ekki í skilum við undirverktaka sína, kvaðst hann hafa beitt sér fyrir því að Jarðvélar ehf. kæmu með tillögu að lausn, enda hefði hann haft af því áhyggjur að verkið kynni að tefjast eða stöðvast ella. Tillaga Jarðvéla ehf. hefði falist í því að þegar reikningur var sendur stefnda til greiðslu, fylgdi honum yfirlit þar sem fram kom hvernig skipta ætti greiðslunni á reikninga undirverktaka. Aðeins einu sinni hefði þetta þó gengið eftir, þar sem Landsbanki Íslands hf. hefði hringt í sig í nóvember og bent sér á að allir reikningar Jarðvéla ehf. hefðu verið veðsettir bankanum. Því hefði honum ekki verið heimilt að greiða frekar í samræmi við greiðslufyrirkomulagið. Karl kvaðst ekki fyrir hafa veitt því athygli að allir reikningar Jarðvéla ehf. höfðu verið veðsettir Landsbanka Íslands hf. Sérstaklega aðspurður sagði Karl að aldrei hafi staðið til að Smáragarður ehf. tæki yfir samning Jarðvéla ehf. við stefnanda. Umrætt greiðslufyrirkomulag hefði heldur ekki tekið til eldri reikninga undirverktaka.

Kristinn Eiríksson kvaðst ekki kannast við að hafa tilkynnt fyrirsvarsmanni stefnanda að stefndi myndi greiða beint inn á reikning stefnanda vegna vinnu hans.

Ásmundur Magnússon sagðist hafa vitað að Plastpípur ehf. hefði hótad að hætta frekari vinnu ef ekki yrði greitt af hálfu Jarðvéla ehf. Til þess að koma í veg fyrir það hefðu Jarðvélar ehf. og Smáragarður ehf. gert með sér samkomulag um breytt greiðslufyrirkomulag til undirverktaka.

Hilmir Freyr Sigurðsson staðfesti að Plastpípur ehf. hefði hótad að leggja niður vinnu. Hann hefði því farið á fund fyrirsvarsmanns stefnanda og óskað eftir að hann héldi áfram vinnu sinni. Gekk það eftir þegar hann hafði kynnt fyrirsvarsmanni stefnanda breytt fyrirkomulag á greiðslu reikninga. Sérstaklega aðspurður sagði hann að hann hefði engin skilaboð borið stefnanda frá Smáragarði ehf., aðeins Jarðvélum ehf. Jafnframt tók hann fram að þar sem verksamningar undirverktaka voru við Jarðvélar ehf. hafi stefndi ekki getað greitt með öðrum hætti en inn á reikning Jarðvéla ehf.

## **Niðurstaða**

Fram er komið að stefndi og Jarðvélar ehf. gerðu með sér verksamning um jarðvinnu á lóð stefnda að Skarfagörðum 2 hér í borg. Jarðvélar ehf. samdi við undirverktaka um ýmsa þætti verksins, þ.á m. við stefnanda. Fólst vinna stefnanda í því að leggja pípulagnir í grunn fyrirhugaðrar byggingar, svo og lóð.

Þegar leið á árið 2007 fór að gæta rekstrarerfiðleika hjá Jarðvélum ehf., sem leiddu til þess að fyrirtækið stóð ekki í skilum með greiðslur til undirverktaka. Munu undirverktakar hafa orðið órólegir vegna þessa og einhverjir þeirra hótuðu að að hætta störfum. Var stefnandi í þeirra hópi og vissu verkefnisstjórar Jarðvéla ehf. af þeim áformum stefnanda.

Verkefnisstjóri hjá stefnda mun hafa fregnað að Jarðvélar ehf. greiddi ekki undirverktökum sínum, og kvaðst fyrir dómi hafa beitt sér fyrir því að Jarðvélar

ehf. fyndi lausn á vanda sínum gagnvart undirverktökum, þannig að þeir héldu störfum áfram og fengju greitt fyrir vinnu sína. Jarðvélar ehf. lagði þá tillögu fyrir stefnda að fyrirkomulagi greiðslna til Jarðvéla ehf. yrði breytt þannig, að í stað þess að stefndi greiddi inn á reikning Jarðvéla ehf., yrðu stofnaðir reikningar á nafni Jarðvéla ehf., sem hver undirverktaki hefði einn prókúru fyrir. Inn á þá reikninga rynnu síðan greiðslur til undirverktaka samkvæmt skiptingu frá Jarðvélum ehf. og að fenginni staðfestingu frá viðkomandi undirverktaka. Stefndi féllst á þessa tillögu og óskaði eftir því að Jarðvélar ehf. kynnti hana fyrir undirverktökum.

Í skýrslu Hilmis Sigurðssonar, verkefnisstjóra hjá Jarðvélum ehf., fyrir dómi, kom fram að hann hefði haft samband við fyrirsvarsmann stefnanda og fengið hann til vinnu á ný, þar sem tryggt væri að stefndi myndi annast greiðslur til Plastpípa ehf. Kvaðst fyrirsvarsmaður stefnanda hafa skilið þetta svo að stefndi ætlaði að tryggja honum bæði greiðslu eldri ógreiddra reikninga, sem og reikninga vegna frekari vinnu hans.

Í vitnisburði verkefnisstjóra stefnda og Jarðvéla ehf. fyrir dómi kom fram, að aðeins einu sinni hefði reynt á þetta greiðslufyrirkomulag og hefði stefnandi þá fengið greiddan reikning að fjárhæð 950.531 krónu. Þegar greiða átti næst samkvæmt sama fyrirkomulagi hefði Landsbanki Íslands hf. hins vegar komið í veg fyrir greiðslur.

Í máli þessu er óumdeilt að enginn samningur var á milli stefnda og stefnanda, né annarra undirverktaka Jarðvéla ehf. Ekki er heldur um það ágreiningur að stefndi hefur að fullu gert upp við Jarðvélar ehf. á grundvelli verksamnings þeirra. Þá liggja engin gögn því til stuðnings að stefndi hafi ábyrgst stefnanda greiðslu fyrir vinnu hans, að öðru leyti en fólst í samkomulagi stefnda og Jarðvéla ehf. um fyrirkomulag á greiðslu til undirverktaka. Það samkomulag fól þó ekki í sér annað en að stefndi greiddi reikninga Jarðvéla ehf., en fjárhæðinni var skipt út á undirverktaka þess fyrirtækis samkvæmt fyrirmælum verkefnisstjóra Jarðvéla ehf. Verður ekki á það fallist að með slíku fyrirkomulagi hafi stefndi stofnað til samningssambands við stefnanda. Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Eftir úrslitum málsins verður stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 260.000 krónur.

Dóminn kvað upp Ingimundur Einarsson héraðsdómari.

## **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, Smáragarður ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, Plastpípa ehf.

Stefnandi greiði stefnda 260.000 krónur í málskostnað.

Ingimundur Einarsson